

Brjef stjórnarráðsins til allra sýslumanna og bæjarfógeta um rann- 41
sókn á afbrotum botnvörpuskipa.

13. marz

Til þess að reynt geti orðið, ef svo ber undir, að koma fram ábyrgð út af brotum gegn fyrirmælum laganna um botnvörpuveiðar í landhelgi, þótt eigi náist þegar í hina seku, er nauðsynlegt, að öllu því, sem menn verða vísari viðvikjandi slíkum ólöglegum veiðum, sje sem fyrst slegið föstu með formlegri rjettarrannsókn. Stjórnarráðið skal því hjer með leggja fyrir yður, herra sýslumaður, að ganga ríkt eptir því, að hreppstjórar í sjáfarsveitum hafi vakandi auga á slíkum brotum, safni öllum áreiðanlegum upplýsingum um stund og stað brota, nöfn og númer skipa, sem brot drýggja, og tilkynna yður það jafnóðum. Ber yður svo að halda rjettarrannsókn viðvikjandi öllum þeim brotum, er þjer fáíð vitneskju um, og skýrslur má fá um í lögsagnarumdæmi yðar og senda hingað útskrípt úr þingbókinni að rannsókn lokinni. Ber að yfirheyra sjónarvotta, sem til eru, og fá sem ákveðnasta skýrslu um staðinn, sem brotið er framið á, með nákvæmum miðum. Eiðfesta skal og vitnin, að tilkvöddum svaramanni fyrir hina kærðu samkvæmt tilskipun 13. október 1819 og yfir höfuð búa allt sem bezt úr garði, til þess að málshöfðun geti orðið byggð á rannsókninni, hvenær sem nást kynni til hins seka. Ef þjer náíð til strandgæzluskipsins danska, ber yður að snúa yður til foringja þess og biðja hann um mæling á brotstaðnum eptir miðum þeim, sem vitnin hafa tilgreint, og er þá rjettast að vottarnir, sem um staðinn hafa borið, fari með skipinu til staðarins, ef hægt er.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu um flutn- 42
ing þingstaðar.

21. marz

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í brjefi, dagsettu 28. f. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Öngulstaðahreppi, veitir stjórnarráðið hjer með samþykki sitt til þess, að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Öngulstöðum að Þverá, með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um að til verði hæfilegt hús til þinghalda á hinum nýja þingstað.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til frekari birtingar.